


Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 19. september 2012



## Varðar: Framkvæmdir við nýja olíubirgðastöð á Ísafirði

Með vísan í bréf Umhverfisráðuneytisins dags 2. júlí 2012 þar sem heimild til áframhaldandi reksturs olíubirgðastöðva á Ísafirði án starfsleyfis var skilyrt því að Umhverfisstofnun væri send skýrsla um framgang mála, upplýsir Olíudreifing að staða einstakra verkþátta í byggingu nýrrar birgðastöðvar á Mávagarði er eftirfarandi:

### Lóðaúthlutun

Ísafjarðarbær úthlutaði féluginu lóðinni Mávagarði, lóð F þann 16. júlí 2012.

### Lóð

Burðarþolmælingar sem Ísafjarðarbær framkvæmu að beiðni Oliudreifingar leiddu í ljós að lóðin var ekki byggingarhæf fyrir þau mannvirki sem þurfti og þyrfti að fergja lóðina. Búið er að setja niður sigmælingapunkta og fering er hafin, en nákvæm áætlun um magn og tíma feringar hefur ekki borist féluginu.

### Leyfi


Sótt var um starfsleyfi til Umhverfisstofnunnar þann 16. júní 2012 og var starfsleyfistillaga auglýst 10. ágúst 2012, með athugasemdafest til 5. október 2012.

Sótt var um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar þann 9. júlí 2012, Teikningar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun, en formlegt samþykki byggingarfulltrúa hefur ekki borst.

### Framkvæmdir

Verklegar framkvæmdir eru ekki hafnar og verður ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en feringu er lokið, en undirbúningur útboða og annarra framkvæmda stendur yfir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Oliudreifingar ehf.

  
Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi